

Gerðu sér ekki grein fyrir áhrifum afskrifta skulda Grikkja á Kýpur **Eftir**

Vassos Shiarly, fyrrum fjármálaráðherra Kýpur segir að hvorki bankar né ríkisstjórn hafi gert sér grein fyrir að hve miklu leyti afskriftir á skuldum Grikkja gætu skaðað Kýpur og gátu ekki gripið til aðgerða til þess að takamarka þær afleiðingar. Þetta kom fram í vitnisburði Shiarly á opnum fundi sérstakrar rannsóknarnefndar, sem kannar ástæður bankahrunsins á Kýpur. Það koma jafnframt fram í vitnisburði ráðherrans fyrrverandi að á sama tíma og útgjöld hefðu hækkað árlega um 1 milljarð evra hefðu tekjur ríkissjóðs stöðugt minnkað.

Shiarly kvaðst hafa vakið athygli þáverandi forseta, Demetris Christofias, á þessu á árinu 2012 og hann hefði fullvissað sig um að ríkisstjórnin mundi gera ráðstafanir til að minnka hallann niður fyrir þau 3% af vergri landsframleiðslu, sem væri viðmið ESB.

Þá sagði Shiarly að afskriftir af innistæðum í bönkum hefðu aldrei komið til umræðu á meðan hann sat í ríkisstjórn heldur einungis afskriftir af skuldabréfum banka, sem ríkisstjórnin hefði andmælt. Hann sagði að þríeykið hefði einungis einu sinni rætt um afskriftir og það hefði veið á óformlegum fundi. Síðar hefði þríeykið dregið hugmyndina til baka.

Cyprus-Mail sem segir frá þessu, segir að svo virðist sem skjöl, sem hafi verið birt opinberlega segi aðra sögu en þá sem Shiarly sagði í gær.